

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

- | | | |
|---|---------|----------|
| 1. Um vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns | kr. | 26,62 |
| 2. Um hemil fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils ... | kr./ári | 7 328,00 |

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eda hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

- | | | |
|---|-----|----------|
| 1. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. | 3 414,00 |
| 2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" | kr. | 4 799,00 |

III. Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m ³	kr.	41 005,00
hver m ³ yfir 400 að 2000 m ³	kr./m ³	35,09
Fyrir 2000 m ³	kr	96 374,00
hvern m ³ þar yfir	kr./m ³	29,04

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 7 963,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 666,00.

V. Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

Hitaveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna hitaveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi sem hefur hemil/mæli að breyta og fá í staðinn mæli/hemil skal greiða kr. 1 305,00 fyrir breytinguna.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 527,00.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 283, 19. júní 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1987.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Tafla 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og rofaleiga.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr./kWh.	Ársgreiðslur kr.
A — Almenn notkun.			
A	Með fastagjaldi	5,61	1 606,00
B — Heimilisnotkun o. fl.			
B1.	Heimilisnotkun	4,14	1 696,00
B2.	Mannvirkjagerð og Akraneshöfn	7,17	2 530,00
C — Vélanotkun.			
C1.	Með fastagjaldi	5,61	1 606,00
C3.	Stórnotkun (Afttaxti)	1,43	4 942,00 kr/kW
	Fastagjald		17 254,00 /ár
D — Húshitun.			
D1.	Án rofs	3,06	2 046,00
D2.	Rof 1,5 klst. á dag	1,65	2 046,00
D3.	Rof 2,5 klst. á dag	1,50	2 046,00
D5.	Rof 14,5 klst. á dag	0,86	2 046,00
D6.	Sumarh. rof 3 klst. á dag	1,12	2 046,00
D7.	Rof breytilegt	1,38	2 046,00
E — Annað.			
E1.	Sérsamningar		
E2.	Gatna- og hafnarlýsing		17 853,00 kVa/ár.
E3.	Lokun og enduropnun veitu		909,00
Mæla og rofaleiga.			
10	Einfasa		286,00
11	Einfasa með liða		1 485,00
20	Prífasa		1 089,00